

## Fundargerð nr. 12

### Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg fundarsalur  
**Fundardagur:** Fimmtudagur 16. mars 2023  
**Fundartími:** 15:30-16:30  
**Fundarmenn:** Haraldur Einarsson, formaður nefndar  
Heimir Rafn Bjarkason  
Hjalti Guðmundsson  
Árni Eiríksson, oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

#### 1. Ný vatnslögn frá Neistastöðum að stofnlögn við Skeiðaveg:

##### a. Hugmynd um grófa legu lagnar

Nefndin kom með hugmynd að grófri legu lagnarinnar. Lengdin er áætluð í kringum 5 km og sverleiki lagnar 180 mm. Ræða þarf við viðkomandi landeigendur vegna legu lagnar og gera samkomulag þar um áður en farið í hönnunarferli og útboð. Sveitarstjóri og formaður nefndar fara í samtali við landeigendur. Því samtali verði lokið fyrir páska.

##### b. Tilboð í hönnun og aðstoð við útboð

Ákveðið að leita tilboða um hönnun og útfærslu ásamt gerð útboðsgagna og fá á sama tíma kostnaðaráætlun framkvæmdarinnar. BB rissar upp hönnunarforsendur og kallar eftir tilboðum frá nokkrum aðilum í samráði við sveitarstjóra. BB verður til ráðgjafar eftir þörfum. Skoða þarf hver fer með eftirlit með framkvæmdinni og verður tekin ákvörðun um það þegar nær dregur framkvæmd. Stefnt er að því að verklok verði um miðjan október 2023.

#### 2. Ósk um aukið vatn frá Vatnsveitu Flóahrepps vegna starfsemi Orkugerðarinnar

BB og sveitarstjóri hafa verið í samtali við framkvæmdastjóra Orkugerðarinnar vegna erindis þar sem óskað eftir auknu vatni frá Vatnsveitu Flóahrepps vegna starfseminnar. BB fór yfir hvar málið stendur. 6 l/sek fyrir Orkugerðina þyrfti að taka úr vatnslögninni sem kemur frá Selfossi. Nefndin telur ekki hægt að verða við beiðni um vatnsnotkun af neysluvatni upp á 6 l/sek á vegum Flóahrepps til að keyra vatnskældan eimsvala fyrir Orkugerðina.

#### 3. Lok framkvæmda við Urriðafoss

Frestur vegna lokaskýrslu til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var framlengdur til 1. júlí 2023. Fyrir þann tíma þurfa verklok að vera staðfest. Ganga þarf frá þessum málum gagnvart verktaka. BB talar við verktaka og reynir að komast að samkomulagi um verklok og fyrirkomulag. Varðandi bílastæði við Urriðafoss þá þarf að setja annað lag yfir planið í sumar. Ekki var gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun ársins og því þarf sveitarstjórn að skoða það mál.

*BB yfirgaf fund.*

#### 4. Vinnuhópur vegna uppbyggingar á skólalóð og húsnæði Flóaskóla

Einn fundiur í vinnuhóp búinn. Beðið eftir svörum frá Eflu varðandi samning um verkefnið og verkstjórn á fundunum. Sveitarstjóri hefur samband við Eflu og ýtir eftir svörum varðandi

samning. Nefndin er sammála um að það þurfi að gera erindisbréf til að afmarka hlutverk vinnuhópsins, tilgang og markmið. Sveitarstjóra falið að stilla upp drögum að erindisbréfi fyrir vinnuhópinn.

**5. Reglulegir fundir nefndarinnar**

Vegna framkvæmda við Vatnsveitu er talin þörf á að funda þéttar fram á vorið. Tillaga gerð að föstum fundartímum þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 13:00 og er hún samþykkt af öllum nefndarmönnum.

**6. Önnur mál**

Samantekt á skipulögðum íbúðasvæðum í Flóahreppi. Lagt fram til kynningar.

Handbók um Vatnsveitu Flóahrepps er í vinnslu hjá BB og HK sem hluti af innra eftirliti Vatnsveitu.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30*